1) XX. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32fa. **32002 L 0096**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðið „, Ísland“ bætist við á eftir orðinu „Grikkland“ í a-lið 4. mgr. 17. gr.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2002/96/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 83/2004** **2004/EES/59/13**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 frá 25. nóvember 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar aðlögun á skránni yfir könnunaratriði ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Liður 18a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98) í XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við:

„- **32003 R 2257**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 frá 25. nóvember 2003 (Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6).“

2. Eftirfarandi kemur í stað aðlögunarliðarins:

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.

b) Í stað síðasta málsliðar 4. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Noregi, Spáni, Finnlandi og Breska konungsríkinu er heimilt að gera könnun á skipulagsbreytum með vísun til eins ársfjórðungs á aðlögunartímabili sem nær til loka árs 2007.“ “

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2257/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2004/EES/59/14**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 84/2004**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2004 frá 8. janúar 2004 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2005 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma ([3]) hefur verið felld inn í samninginn.

4) Með reglugerð (EB) nr. 1165/98 er felld úr gildi tilskipun ráðsins 78/166/EBE frá 13. febrúar 1978 ([4]), með áorðnum breytingum, sem hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella brott.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ae (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 247/2003):

„18af. **32004 R 0029**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2004 frá 8. janúar 2004 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2005 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 57).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

2. Texti 4. liðar falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 29/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 57.
([3]) Stjtíð. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 52, 23.1.1978, bls. 17.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 85/2004** **2004/EES/59/15**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1980/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skilgreiningar og uppfærslu á skilgreiningum ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1981/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar framkvæmdarþætti og aðferðir til áætlunar ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1982/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar reglur um úrtöku og eftirfylgni ([4]) skal felld inn í samninginn.

5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 frá 7. nóvember 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur ([5]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 18i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003) í XXI. viðauka við samninginn:

„18j. **32003 R 1980**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1980/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skilgreiningar og uppfærslu á skilgreiningum (Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 1).

18k. **32003 R 1981**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1981/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar framkvæmdarþætti og aðferðir til áætlunar (Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 23).

18l. **32003 R 1982**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1982/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar reglur um úrtöku og eftirfylgni (Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 29).

18m. **32003 R 1983**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 frá 7. nóvember 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur (Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 34).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1980/2003, 1981/2003, 1982/2003 og 1983/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

(1) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.
(2) Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 1.
(3) Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 23.
(4) Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 29.
(5) Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 34.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 86/2004** **2004/EES/59/16**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 16/2004 frá 6. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi „arf fátæktar á milli kynslóða“ ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 28/2004 frá 5. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar nákvæmt efni áfanga- og lokaskýrslna varðandi gæði ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004 frá 5. desember 2003 um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 ([4]) skal felld inn í samninginn.

5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/107/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða ([5]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 18m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003):

„18n. **32004 R 0016**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 16/2004 frá 6. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi „arf fátæktar á milli kynslóða“ (Stjtíð. ESB L 4, 8.1.2004, bls. 3).

18o. **32004 R 0028**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 28/2004 frá 5. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar nákvæmt efni áfanga- og lokaskýrslna varðandi gæði (Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 42).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93):

„4c. **32004 R 0048**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004 frá 5. desember 2003 um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 (Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1).“

3. Eftirfarandi bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 96/16/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0107**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/107/EB frá 5. desember 2003 (Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 40).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 16/2004, 28/2004 og 48/2004 og tilskipunar 2003/107/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 4, 8.1.2004, bls. 3.
([3]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 42.
([4]) Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 40.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2004/EES/59/17**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 87/2004**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2004 frá 23. apríl 2004 ([1]).

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2256/2003/EB frá 17. nóvember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2003–2005) um eftirlit með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, miðlun góðra starfsvenja og aukið net- og upplýsingaöryggi (MODINIS) ([2]).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 2. gr. bókunar 31 við samninginn:

„- **32003 D 2256**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2256/2003/EB frá 17. nóvember 2003 (Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2004 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 277, 26.8.2004, bls. 29 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 43, 26.8.2004, bls. 24.
([2]) Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2004/EES/59/18**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 88/2004

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2004 frá 26. apríl 2004 ([1]).

2) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. bókunar 31 við samninginn skulu EFTA-ríkin taka fullan þátt í Umhverfismálastofnun Evrópu sem sett var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 ([2]).

3) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 hefur verið breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1641/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála ([3]).

4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn í samræmi við breytingar á Umhverfisstofnun Evrópu og evrópsku upplýsinga- og eftirlitsneti á sviði umhverfismála sem urðu með reglugerð (EB) nr. 1641/2003.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Bókun 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lok a-liðar 2. mgr. 3. gr.:

   „og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1641/2003 ([3])

   ([3]) Stjtíð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 1.“

2. Eftirfarandi stafliður bætist við á eftir m-lið 2. mgr. 3. gr.:

   „n) Að því er varðar beitingu reglugerðar (EBE) nr. 1210/90 gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig um öll skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 277, 26.8.2004, bls. 182 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 43, 26.8.2004, bls. 165.
([2]) Stjtíð. EB L 120, 11.5.1990, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 1.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2004/EES/59/19**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 89/2004

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/1999 frá 26. nóvember 1999 ([1]).

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 20/2004/EB frá 8. desember 2003 um almennan ramma fyrir fjármögnun aðgerða Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu á tímabilinu 2004 til 2007 ([2]).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. mgr. 6. gr. bókunar 31 við samninginn:

„EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2004 að telja taka þátt í þeirri starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirfarandi gerð og gerðum af henni leiddum:

- **32004 D 0020**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 20/2004/EB frá 8. desember 2003 um almennan ramma fyrir fjármögnun aðgerða Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu á tímabilinu 2004 til 2007 (Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2004 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

([1]) Stjtíð. EB L 61, 1.3.2001, bls. 33 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 11, 1.3.2001, bls. 268.
([2]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 1.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 90/2004** **2004/EES/59/20**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, og bókun 31 við samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 30 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2003 frá 7. nóvember 2003 ([1]).

2) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2004 frá 26. apríl 2004 ([2]).

3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 788/2004 frá 21. apríl 2004 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2236/95, (EB) nr. 1655/2000, (EB) nr. 1382/2003 og (EB) nr. 2152/2003 með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins ([3]).

4) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 786/2004/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á ákvörðunum nr. 1720/1999/EB, 253/2000/EB, 508/2000/EB, 1031/2000/EB, 1445/2000/EB, 163/2001/EB, 1411/2001/EB, 50/2002/EB, 466/2002/EB, 1145/2002/EB, 1513/2002/EB, 1786/2002/EB, 291/2003/EB og 20/2004/EB með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins ([4]).

5) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 787/2004/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á ákvörðun ráðsins nr. 96/411/EB og ákvörðunum nr. 276/1999/EB, 1719/1999/EB, 2850/2000/EB, 507/2001/EB, 2235/2002/EB, 2367/2002/EB, 253/2003/EB, 1230/2003/EB og 2256/2003/EB með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins ([5]).

6) Af þessum sökum ber að breyta bókun 30 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. maí 2004.

7) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. maí 2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Í bókun 31 við samninginn bætist eftirfarandi við í undirlið c-liðar 7. mgr. 3. gr. (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003):

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0788**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 788/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 17)."

*2. gr.*

Bókun 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við undir þriðja undirlið 4. mgr. 17. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/1999/EB) og þriðja undirlið málsgreinar 2c í 4. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 253/2000/EB):

   „- **32004 D 0786**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 786/2004/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 7)."

2. Eftirfarandi bætist við í fjórða undirlið 5. mgr. 1. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1513/2002/EB), undirlið b-liðar 7. mgr. 3. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1411/2001/EB), fjórða undirlið málsgreinar 2c í 4. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1031/2000/EB), undirlið málsgreinar 2g í 4. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 291/2003/EB), sjötta undirlið 8. mgr. 5. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 50/2002/EB), öðrum undirlið 3. mgr. 6. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 20/2004/EB), fjórða undirlið 4. mgr. 9. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 163/2001/EB), fjórða undirlið 4. mgr. 13. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 508/2000/EB), öðrum undirlið 8. mgr. 15. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins

---

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 64 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 43.
([2]) Stjtíð. ESB L 277, 26.8.2004, bls. 82 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 43, 26.8.2004, bls. 165.
([3]) Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 17.
([4]) Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 7.
([5]) Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12.

og ráðsins nr. 1145/2002/EB) og öðrum undirlið 1. mgr. 16. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1786/2002/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 D 0786**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 786/2004/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 7).“

*3. gr.*

1. Bókun 31 við samninginn breytist sem hér segir:

   a) Eftirfarandi liður bætist við undir sjöunda undirlið 5. mgr. 2. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 276/1999/EB) og öðrum undirlið 4. mgr. 17. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/1999/EB):

   „- **32004 D 0787**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 787/2004/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12).“

   b) Eftirfarandi bætist við í níunda undirlið 5. mgr. 2. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2256/2003/EB), undirlið a-liðar 7. mgr. 3. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2850/2000/EB) og g-lið 5. mgr. 14. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1230/2003/EB):

   „, eins og henni var breytt með:

   - **32004 D 0787**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 787/2004/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12).“

2. Bókun 30 við samninginn breytist sem hér segir:

   Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið 7. mgr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2367/2002/EB) í II. kafla (Hagskýrsluáætlun 2003 til 2007):

   „, eins og henni var breytt með:

   - **32004 D 0787**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 787/2004/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12).“

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. maí 2004 að telja.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.